

Miðvikudaginn 6. febrúar 1991.

Nr. 61/1991. **Ákærvaldið**

gegn

Auði Ólafsdóttur.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 31. janúar 1991. Skjöl málsins bárust Hæstarétti frá sakadómi Reykjavíkur 4. febrúar 1991 kl. 17.06. Greinargerð hefur ekki borist af hálfu varnaraðila, en skýra verður kæru hennar svo, að í henni felist krafa um, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Ríkissaksóknari krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Aðfinnsluverður er dráttur, sem varð á sendingu málsskjala til Hæstaréttar, sbr. 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 30. janúar 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 30. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Auði Ólafsdóttur verði með úrskurði gert að sæta framlengingu á gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. mars nk. kl. 16.00.

Kærða hefur mótmælt kröfunni.

RLR vinnur nú að rannsókn á stórfelldum fjársvika- og skjalafalsmálum

með tékkum úr tékkheftum, sem að undanfögnu hafa horfið í innbrotum eða með öðrum hætti úr vörslum rétthafa.

Kærðu var með úrskurði sakadóms Reykjavíkur þann 13. janúar sl. gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til dagsins í dag kl. 16.00 vegna rannsóknar á meintum fjársvikum og skjalafalsi. Kærða hefur við yfirheyrslur hjá RLR og hér fyrir dómi viðurkennt að hafa staðið að fjársvikum og skjalafalsi með útgáfu og sölu allmargra tékka. Kvaðst kærða ýmist hafa ritað tékkana og/eða framselt þá, og telji hún, að andvirði þessara tékka, sem hún hafi notað í viðskiptum, sé samanlagt u.þ.b. 1.000.000 króna.

Samkvæmt rannsóknargögnum málsins eru til rannsóknar hjá RLR 10 kærumál á hendur kærðu. Auk þess hefur verið dómtekið mál á hendur kærðu fyrir skjalafals. Rannsókn kærumála á hendur kærðu er á lokastigi, en enn hefur ekki verið upplýst, hver ritaði allmarga tékka, er kærða hefur viðurkennt að hafa notað í viðskiptum.

Upplýst er, að kærða hefur ekki stundað fasta atvinnu síðan 1. september 1989. Þá er brotaferill kærðu nokkuð samfelldur á síðustu árum. Þykir því veruleg hættu á, að kærða haldi áfram brotum, haldi hún óskertu frelsi.

Brot þau, sem kærða er undir rökstuddum grun um að hafa framið, geta varðað fangelsisrefsingu skv. XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir verða að taka kröfu RLR til greina og ákveða, að kærða sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. mars nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærða, Auður Ólafsdóttir, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. mars 1991 kl. 16.00.